

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 42/94  
frá 15. desember 1994**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með  
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir  
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/23/EB frá 17. janúar 1994 um sameiginlegar  
verklagsreglur varðandi evrópskt tæknisamþykki<sup>(1)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 1. lið (tilskipun ráðsins 89/106/EBE) í XXI. kafla II.  
viðauka við samninginn:

„2. 394 D 0023: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/23/EB frá 17. janúar 1994 um  
sameiginlegar verklagsreglur varðandi evrópskt tæknisamþykki (Stjtið. EB nr. L 17,  
20.1.1994, bls. 34).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér  
segir:

a) Eftirfarandi komi í stað annarrar málsgreinar í kafla 3.2.2. í viðaukanum:

„Ef samstaða næst innan tækniráðs EOTA um umsóknir samkvæmt a-lið 2. mgr. 8. gr.  
tilskipunar ráðsins 89/106/EBE eru nauðsynlegar upplýsingar sendar með samþykki  
formanns EOTA til sameiginlegu EES-nefndarinnar til að fá leyfi til að veita evrópskt  
tæknisamþykki. Ef samstaða næst ekki innan tækniráðs EOTA er málinu vísað til

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 17, 20. 1. 1994, bls. 34.

framkvæmdanefndar sem ákveður hvort leggja skuli það fyrir sameiginlegu EES-nefndina.“

b) Í þriðju málsgrein í kafla 3.2.2. í viðaukanum komi hugtakið „sameiginlega EES-nefndin“ í stað „framkvæmdastjórn EB“.

c) Í síðasta málslið í kafla 3.2.5. í viðaukanum komi „skal málinu vísað til sameiginlegu EES-nefndarinnar“ í stað „skal málinu vísað til fastanefndar um byggingarmál (2. mgr. 9. gr. tilskipunarinnar) í gegnum framkvæmdastjórn EB“.

#### 2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 94/23/EB á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

#### 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

#### 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. desember 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

H. Hafstein

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Sucker